

Sameiginleg stefnuskrá

B~lista Framsóknarflokks,
D~lista Sjálfstæðisflokks
og
S~lista Samfylkingar.

Kjörtímabilið 2010 – 2014

Að loknum sveitarstjórnarkosningunum 29. maí 2010 mynduðu B-listinn, D-listinn og S-listinn meirihluta í Norðurþingi. Eftirfarandi er sameiginleg stefnuskrá þessara framboða fyrir kjörtímabilið 2010-2014.

Fjármál og stjórnsýsla

- Meirihlutinn mun sýna ábyrgð og áræðni í rekstri sveitarfélagsins
- Sala á hluta eignarhlutar sveitarfélagsins í Þeistareykjum ehf.
- Íbúalýðræði verður eflt með reglubundnum íbúafundum a.m.k. 1 sinni á ári. Skoðað verður hvort netið sé heppilegur vettvangur opinna funda.
- Heimasíða sveitarfélagsins verður endurnýjuð og nýtt á skilvirkari hátt til miðlunar á upplýsingum.
- Meirihlutinn er hliðhollur frekara samstarfi og/eða sameiningu sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum með það að leiðarljósi að standa vörð um sameiginleg hagsmunamál.

Atvinnumál

- Barist fyrir uppbygging orkufreks iðnaðar á Bakka enda ein megin forsenda fyrir atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum með nýtingu jarðhita.
- Laða ný fyrirtæki á svæðið með skipulegri markaðssetningu á möguleikum þess. Stofna rýnihópa um atvinnumál í samvinnu við AÞ.
- Treysta starfsumhverfi fyrirtækja sem fyrir eru með því að skapa jákvætt umhverfi að því marki sem sveitarfélaginu er unnt fyrir landbúnað, sjávarútveg, framleiðslu, þjónustu og nýsköpun.
- Efla og treysta ferðaþjónustu með því að skipulag taki mið af auknum ferðamannastraumi.
- Framkvæma hagkvæmniathugun á hitaveitu á Raufarhöfn og Þórshöfn.
- Tryggja opinber störf í héraði með samstöðu allra sveitarfélaga á svæðinu.
- Skoða stofnun eignarhaldsfélags um húsnæði og eignir í sveitarfélaginu sem eru atvinnulífi og samfélaginu mikilvæg.
- Styðja við verkefni á sviði gas- og olíuleitar í Skjálfanda og Öxarfirði.

Skipulagsmál

- Barist verður gegn hugmyndum um landsskipulag enda ekki í þágu sveitarfélagsins.
- Standa þarf vörð um núverandi bæjarmyndir í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins þannig að saga og ímynd haldi sér.
- Draga þarf úr umferðarhraða í þéttbýli eins og kostur er.
- Kanna opnun Búðarár með Öskjureit og Skrúðgarð í huga sem tengingu við hafnarsvæðið.
- Hugað verði að uppbyggingu viðburðartorgs sunnan við Hvalasafnið á Húsavík í samvinnu við aðliggjandi lóðarhafa.
- Í framhaldi af gerð aðalskipulags þarf að huga að forgangsröðun deiliskipulagsverkefna.

Félagsmál

- Stefnt er á endurskoðun fjölskyldu- og jafnréttisstefnu sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið verði áfram leiðandi í þjónustu við fatlaða í héraði.
- Sveitarfélagið mun beita sér fyrir fjölgun hjúkrunarrýma.
- Tryggja að aldraðir geti búið við sjálfstæði og verið félagslega virkir eins lengi og kostur er. Í því sambandi er nauðsynlegt að tryggja öfluga heimaþjónustu og efla félagsstarf eldri borgara.
- Búsetuúrræði geðfatlaðra verði tryggð.
- Markvissar aðgerðir fyrir nýbúa og aðlögun þeirra að samfélaginu.

Framkvæmda- og þjónustumál

- Auka framboð á leikskólaplássum strax haustið 2010
- Leggja áherslu á viðhald fasteigna sveitarfélagsins.
- Frágangur lóðar við leikskólann á Raufarhöfn verði lokið.
- Dýpkun hafna.
- Huga að geymsluplani á Kópaskeri sem lið í fegrun umhverfis.
- Skoða þarf rekstur og viðhald félagsheimila.
- Efla gerð göngustíga sem lið í útivist og hreyfingu.

- Ljúka breikkun á Hafnarstéttar á Húsavík.
- Stálþil á Suðurgarði er lélegt og nauðsynlegt að koma endurnýjun þess á hafnaráætlun.
- Útbúin verði áætlun fyrir malbikun og viðhald gatna og gangstétta í þéttbýli til lengri tíma.

Æskulýðsmál

- Huga að gerð sparkvalla á Kópaskeri og Raufarhöfn í samstarfi við ungmennafélög og Mannvirkjasjóð KSÍ.
- Unnið verði að hönnun og gerð áætlunar fyrir æfingasvæði knattspyrnu á Húsavík.
- Stofnað verði ungmennaráð sem rekið verður í gegnum félagsmiðstöðvar.
- Ungmennahús verði stofnað í Túni þannig að ungmenni fái aðstöðu fyrir félagsstarf og listsköpun. Starfssemi þessi getur verið vettvangur námskeiða og sýninga.
- Atvinnuáttak fyrir ungt fólk verði framhaldið.
- Hugað verði að flutningi og uppbyggingu skíðasvæðis í Reyðarárbotna í samstarfi við áhugafólk og íþróttafélag.
- Forvarnarmál í gegnum félagsmiðstöðvar og skóla verði samhæfð. Unnið verði að forvarnarstefnu sveitarfélagsins í víðu samhengi.
- Kanna stöðu leikvallarmála m.t.t. staðsetningar og tækja með úrbætur í huga.

Umhverfismál

- Mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut er sveitarfélagið hefur markað sér í fegrun umhverfis þar sem allir íbúar eru hvattir til samstarfs.
- Sveitarfélagið verði fyrirmynd annarra sveitarfélaga í söfnun, meðhöndlun, endurvinnslu og ábyrgri förgun úrgangs.
- Fjölga áningarstöðum við Þjóðvegi í samvinnu við Vegagerðina og bæta merkingar í sveitarfélaginu.
- Styttu lýsingartíma ljósastaura.
- Vinna áfram í uppgræðslu örfoka lands og skógrækt í landi sveitarfélagsins.
- Eyðing óæskilegra plantna þar sem það á við og með beitingu búfjár ef kostur er.

- Beita sér fyrir að stjórn norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðar og Rannsóknarmiðstöðvar við Mývatn verði í höndum heimamanna.

Samgöngur

- Barist verði fyrir því að ljúka framkvæmdum við Dettifossveg alla leið niður á Norðausturveg í Kelduhverfi.
- Tryggja þarf að veginum um Melrakkasléttu verði haldið við, bæði fyrir ábúendur og ferðamenn.
- Beita sér fyrir uppbyggingu Kísilvegjar með bundnu slitlagi.
- Halda skal áfram markaðssetningu Húsavíkur sem áningarstaðs skemmtiferðaskipa.
- Tryggja þarf áframhaldandi uppbyggingu hafna í sveitarfélaginu þannig að þær þjóni verkefnum sínum af kostgæfni.
- Krafa sveitarfélagsins er að Húsavíkurflugvelli í Aðaldal verði haldið opnum. Huga þarf að möguleikum um frekari nýtingu flugvallarins í samstarfi við AF, t.d. með leigu- eða áætlunarflugi.
- Tryggja þarf háhraðanet- og GSM-samband um allt sveitarfélagið.

Fræðslu- og menningarmál

- Standa vörð um rekstur og sérstöðu grunnskólanna.
- Kanna þarf fyrirkomulag lista- og menningargreina í skólunum til framtíðar.
- Gera þarf sjálfstætt starfandi dagforeldrum kleift að starfa áfram til að mæta þörfum yngstu barna sveitarfélagsins.
- Marka þarf stefnu með stjórnendum grunnskólanna varðandi samfelldan skólalag m.t.t. heimavinnu o.fl.
- Hlúa þarf að blómlegri menningarstarfssemi á svæðinu og mun sveitarfélagið leitast við að styrkja hana hér eftir sem hingað til, þ.m.t. söfn, sýningar og menningardaga.
- Leita þarf allra leiða til að efla Framhaldsskólann á Húsavík og stuðla að því að unglingar sveitarfélagsins líti á hann sem fyrsta kost til framhaldsnáms.
- Skoðaðir verið möguleikar á rekstri fræðsluvers í skólahúsnæðinu á Kópaskeri þar sem íbúum verði búin aðstaða til fjarnáms á framhaldsskóla- og háskólastigi.